

Umhverfisstofnun Áb. BS HJ
1.2 FEB. 2004 54.3
Tilv. UST20040100192



UST

Umhverfisstofnun

The Environment and Food Agency of Iceland

Laugavegur 24
108 Reykjavík, Ísland

Phone (+354) 541 2000

Fax (+354) 541 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

11. febrúar 2004
Tilvísun: UST20040100192/bs

1,9 MW Djúpadalsvirkjun 2 í Eyjafjarðarsveit. Matsskylda. Beiðni um umsögn.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 27. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða 1900 kW virkjun ásamt 0,46 ferkílómetra miðlunarlóni.


Ekki er talið að spillt verði við framkvæmdina sérstöku gróðurfari eða jarðmyndunum. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að land það sem fer undir lón er að stórum hluta gróðurlausar malareyrar eða land sem nýtt hefur verið til beitar. Ekki hefur farið fram sérstök úttekt á gróðri vegna framkvæmdarinnar. Stofnunin telur að með hliðsjón af því að svæðið einkennist af ógrónum eða hálfgrónum áreyrum og landbúnaðarlandi sé ólíklegt að þar sé að finna sjaldgæfar tegundir eða sérstakt gróðurfar.

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki á friðlýstu svæði né svæði á náttúruminjaskrá. Ekki eru á svæðinu jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Efnistaka verður innan lónstæðis. Samkvæmt gögnum framkvæmdaraðila er ekki fiskgengd í ánni á framkvæmdarsvæðinu.

Umhverfisstofnun telur að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum ólíklegt að Djúpadalsvirkjun 2 muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Stofnunin bendir á að nauðsynlegt er að leita leyfis embættis Veiðimálastjóra áður en framkvæmdir hefjast.

Virðingarfyllst,


Björn Stefnisson


Helgi Jónsson